



Stúdentaráð Háskóla Íslands

## Atvinnumál og aðstæður námsmanna vegna COVID-19

4. júní 2020

Könnun þessi var framkvæmd í samstarfi við LÍS og Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Stúdentaráð Háskóla Íslands vann könnunina og því næst fóru sérfræðingar Mennta- og menningarmálaráðuneytisins yfir hana og lagfærðu áður en hún var send út. Könnunin fór á alla nemendur háskólana 14. maí. Um er að ræða þriðju könnun Stúdentaráðs, sú fyrsta var send út [22. mars](#) og sneri að líðan og andlegri heilsu stúdenta, seinni könnunin var send út [6. apríl](#) og sneri að fjárhagsstöðu stúdenta og stöðu þeirra á vinnumarkaðinum yfir sumartímann. Markmiðið var að fá skýrari mynd af aðstæðum stúdenta núna þegar sumarið er handan við hornið og þar með stöðu þeirra á atvinnumarkaðinum, vegna áhrifa COVID-19. Áfram var spurt út í andlega líðan en spurt var sérstaklega út í fjárhagsáhyggjur stúdenta til að undirstrika enn frekar atvinnuleysisbótakröfu Stúdentaráðs.

Mikilvæg atriði sem draga má af niðurstöðunum:

- **38.9%** stúdenta segjast ekki vera komnir með öruggt sumarstarf en að þeir væru í atvinnuleit. eru þessar niðurstöður í samræmi við könnun Stúdentaráðs frá 6. apríl, þar sem **40%** stúdenta horfðu fram á atvinnuleysi yfir sumartímann.
- **70.5%** stúdenta segjast hafa verið í sumarstarfi á þessum tíma í fyrra. Það er því meiri en helmingurinn af þeim sem voru í vinnu í fyrra sem eru atvinnulausir núna.
- Spurt var hvort sumarstörf þátttakenda hefðu breyst vegna COVID-19 og **20.8%** stúdenta segja að þau hafa ekki fengið neitt sumarstarf á neinum tímamarki og **19.8%** segjast hafa misst það starf sem þau höfðu þegar fengið. Þessi hópar saman gera **40.6%** stúdenta sem hafa ekki fengið sumarstarf eða misst það.
- Skrásetningargjald þykir íþyngjandi fyrir **45.6%** stúdenta.
- Spurt var hvernig þátttakendum liði andlega og merktu **46.9%** stúdenta við 5 eða lægri á skalanum 1-10.
- **84.2%** stúdenta styðja atvinnuleysisbótakröfu stúdenta yfir sumartímann.
- **54.9%** stúdenta segjast munu eiga erfitt með að mæta útgjöldum sínum í sumar eða ekki getað það.
- Aðeins **13.9%** stúdenta óttast að einhverju leyti að missa húsnæði sitt. Má telja það jákvætt miðað við aðstæður og niðurstöður greindar að ofan.
- Spurt var hversu miklar fjárhagsáhyggjur þátttakandi upplifði á skalanum 1-10 og merktu **52.7%** stúdenta við á bilinu 6-10.
- **64.5%** stúdenta vinna samhliða námi og **88.7%** stúdenta komast ekki af fjárhagslega án hlutastarfs eða myndu eiga erfitt með það.

## I. Staða stúdenta á vinnumarkaði

### 1. Spurt var við hvaða háskóla þátttakandi stundar nám


51,9% stúdenta eru námsmenn við Háskóla Íslands. Því næst voru flest svörin frá stúdentum við Háskólann í Reykjavík með 28,4%. Önnur svör eru sem hér segir:

- Háskólinn á Akureyri 6.5%
- Listaháskóli Íslands 5.2%
- Háskólinn á Bifröst 3.2%
- Námsmenn erlendis 3%
- Landbúnaðarháskóli Íslands 1.3%
- Háskólinn á Hólum 0.5%



### 2. Spurt var hvort þátttakandi væru komnir með öruggt sumarstarf

- 38.9% sögðu nei en að þau væru í atvinnuleit
- 37.3% sögðu að þau væru komin með fullt starf í sumar
- 14.9% sögðu að þau væru komin með hlutastarf í sumar




### 3. Spurt var hvort þátttakandi hefðu verið í sumarstarfi hérlendis í fyrra

- 70.5% stúdenta sögðust hafa verið í sumarstarfi hér á landi í fyrra
- 13.9% sögðu spurninguna ekki eiga við
- 9.9% sögðu að þau hefðu verið í hlutastarfi hér á landi í fyrra



### 4. Spurt var hvort þátttakendur hefðu fengið sumarstarf en því verið breytt vegna COVID-19


- 44.2% sögðu spurninguna ekki eiga við
- 20.8% sögðust ekki hafa fengið neitt sumarstarf á neinum tímapunkti
- 19.8% sögðust hafa misst sumarstarf sem þau voru komin með
  - 40.6% hafa ekki fengið sumarstarf eða misstu það sem þau voru búin að fá
  - 15.2% höfðu fundið fyrir lækkuðu starfshlutfalli, lækkuðu í launum eða gerðu ráð fyrir að lækka í launum/starfshlutfalli



- Já, lækkað starfshlutfall mitt / Yes, lowered my job percentage
- Já, lækkað laun mín / Yes, lowered my salary
- Já, ég missti sumarstarf sem ég var komin með / Yes, I lost the job
- Nei hef ekki fengið sumarstarf á neinum tímamarki / No I have not recieved a job
- Nei en geri ráð fyrir breytingum á starf...
- Á ekki við, annað / does not apply, other

### 5. Spurt var hvort þátttakandi stefndi á að sækja sér sumarnám við háskóla á Íslandi

- 27.2% sögðu spurninguna ekki eiga við
- 26.1% sögðust ekki ætla að gera það þó þau yrðu atvinnulaus
- 21.4% sögðust ekki vita það
- 13.5% sögðust ætla að gera það
- 11.8% sögðust ætla að gera það ef þau yrðu atvinnulaus
  - Aðeins 25.3% sögðust ætla í sumarnám



- Já / Yes
- Já en bara ef ég verð atvinnulaus / Yes, but only if I was unemployed
- Nei, þótt ég verði atvinnulaus / No, even though I was unemployed
- Veit ekki / I don't know
- Á ekki við / Does not apply


### 6. Spurt var hvort að þátttakandi stefndi á að sækja lán hjá LÍN vegna sumarnámsins

- 39.1% sögðust ekki ætla að sækja um lán þó þau yrðu atvinnulaus
- 35.6% sögðu spurninguna ekki eiga við
- 13.1% sögðust ekki vita það
- 7.3% sögðust ætla að sækja um lán ef þau yrðu atvinnulaus
- 4.9% sögðust ætla að sækja um lán




### 7. Spurt var hvað margar einingar þátttakandi væri líklegur til að taka í sumarnámi

- 62.8% sögðust ekki sjá fyrir sér að fara í sumarnám
- 15% sögðust líklegir til að taka 6-12 einingar




### 8. Spurt var hvort að þátttakanda þætti skrásetningargjöld við opinbera háskóla íþyngjandi

- 45.6% sögðu skrásetningargjöld vera íþyngjandi
- 39.7% sögðu skrásetningargjöld ekki vera íþyngjandi
- 14.7% sögðust ekki vita það




**9. Spurt var hvernig þátttakanda líður andlega á skalanum 1-10 (0 verandi ekki neitt og 10 það mesta) í þeim fordæmalausum aðstæðum sem eru vegna COVID-19**

- 16.6% merktu við 7
- 16.4% merktu við 5
- 14.6% merktu við 8
  - 53.2% merktu við 6 og yfir



**10. Spurt var hvort vilji væri fyrir því að sjá stúdentum tryggðan rétt til atvinnuleysisbóta komist þeir ekki að í sumarstörf**


- 84.2% sögðust vilja sjá stúdentum tryggðan rétt til atvinnuleysisbóta í sumar
- 9.4% sögðust ekki vita það eða ekki viljað svara
- 6.4% sögðust ekki vilja að stúdentum yrði tryggður réttur til atvinnuleysisbóta í sumar



**11. Spurt var hvort þátttakandi taldi sig geta mætt útgjöldum sínum í sumar**

- 41.5% sögðust telja sig geta gert það
- 35.4% sögðust líklega geta gert það en myndu eiga erfitt með það


- 19.2% sögðust telja sig ekki geta gert það
  - 54.9% sögðust eiga erfitt með að mæta útgjöldum sínum í sumar eða ekki getað gert það



- Já / Yes
- Líklega, en ég mun eiga mun erfitt með það / Likely, but it will be a challenge
- Nei / No
- Veit ekki eða vil ekki svara / Don't know or don't want to answer

## 12. Spurt var hvort þátttakandi óttaðist að missa húsnæði sitt


- 59% sögðust ekki óttast það
- 18.3% sögðu spurninguna ekki eiga við
- 13.9% sögðust óttast það að einhverju leyti
- 4% sögðust óttast það



- Já að einhverju leyti / Yes in some ways
- Já, það er orðið ljóst að ég geti ekki staðið undir útgjöldum vegna þess / Yes it is clear that I cant afford it anymore
- Nei / No
- Á ekki við / Does not apply
- Hef þegar þurft að gera breytingar á búsetu minni vegna fjárhagsörðugleika / I have already had to make changes to my living arrangements due to financi...


## 13. Spurt var hveru miklar fjárhagsáhyggjur þátttakandi upplifði á skalanum 1-10 (0 verandi ekki neitt og 10 það mesta) í þeim aðstæðum sem eru vegna COVID-19

- 13.3% merktu við 8
- 12.1% merktu við 10
- 11.9% merktu við 0
  - 52.7% merktu við á bilinu 6-10
  - 47.5% merktu við á bilinu 0-5



#### 14. Spurt var hvaða staða átti best við um þátttakandann á vinnumarkaði óháð COVID-19

- 37.5% sögðust vera undir 50% starfshlutfalli með námi
- 32% sögðust aðeins vera í námi
- 16.3% sögðust vera í eða yfir 50% starfshlutfalli með námi
- 10.7% sögðust vera í 100% starfshlutfalli með skóla
- 3.4% merktu við annað
  - það eru því 64.5% að vinna samhliða námi



- Í eða yfir 50% hlutastarfi með skóla / I'm working 50% or more job ratio with my studies
- Undir 50% hlutastarfi með skóla / I'm working with my studies but under 50% job ratio
- 100% starfi með skóla / Work a full time job with my studies
- Ég er eingöngu í námi / Only a student
- Annað / Other


## II. Bakgrunnur þátttakenda

#### 15. Spurt var hvaða staða á landinu átti best við um þátttakandann

- 90.1% er íslenskur ríkisborgari í námi
- 4.1% er alþjóðlegur námsmaður
- 4% er ekki ríkisborgari en með kennitölu og búsettur á landinu
- 0.8% er skiptinemi




- 0.5% er ekki ríkisborgari
- 0.4% merkti við annað
- 0.1% sagðist ekki vita það eða ekki vilja svara



- Íslenskur ríkisborgari í námi / Icelandic citizen
- Skiptinemi / Exchange Student
- International Student
- Veit ekki eða vil ekki svara / I don't know or don't want to answer
- Non-citizen resident
- Non-citizen resident with an Icelandic kennitala, living long term in Iceland
- Annað / Other

#### 16. Spurt var við hvaða fræðasvið þátttakandi stundar nám

- 27.6% stunda nám á Félagsvísindasviði við HÍ
- 25.6% stunda nám á Verkfræði- og náttúruvísindasviði við HÍ
- 14.2% stunda nám á Heilbrigðisvísindasviði við HÍ




- Félagsvísindum / Social Sciences
- Verkfræði- og náttúruvísindum / Engin...
- Menntavísindum / Education
- Hugvísindum / Humanities
- Heilbrigðisvísindum / Health Sciences
- Þverfræðilegu nám / More than one S...
- Hönnunar- og arkitektúrdeild / Architec...
- Sviðslistadeild / Performing Arts

▲ 1/2 ▼

#### 17. Spurt var um hvaða húsnæðisstaða ætti best við þátttakanda almennt óháð COVID-19


- 34.6% eru í foreldrahúsum
- 24.7% eru í eigin húsnæði
- 21.9% eru í leiguhúsnæði utan stúdentagarða
- 15.8% eru í leiguhúsnæði á stúdentagörðunum



- Í búi á Stúdentagörðunum / In student housing
- Í eigin húsnæði / In my own property
- Í leiguhúsnæði (utan stúdentagarða) / I'm renting (not in student housing)
- Í foreldrahúsum / living with parents
- Veit ekki eða vil ekki svara / I don't know or don't want to answer
- Annað / Other

### 18. Spurt var um hjúskaparstöðu þátttakenda


- 39.9% er einhleypur
- 36% eru í hjónabandi eða sambúð
- 22.7% er í sambandi en ekki sambúð



- Í hjónabandi eða í sambúð / Married or living with spouse
- Einhleyp/t/ur - Single
- Í sambandi en ekki sambúð / In a relationship
- Annað, veit ekki eða vil ekki svara / Other, I don't know or don't want to answer

### 19. Spurt var um fjölskyldustöðu þátttakenda


- 69.8% eru barnlaus
- 22% er foreldri
- 5.5% er einstætt foreldri



- Einstætt foreldri / Single parent
- Foreldri / Parent
- Barnlaus / Childless
- Veit ekki eða vil ekki svara / I don't know or don't want to answer

## 20. Spurt var hvort þátttakandi tæki námslán


- 65.9% sögðust ekki taka námslán
- 33.1% sögðust taka námslán



- Já / Yes
- Nei / No
- Veit ekki eða vil ekki svara / I don't know or don't want to answer

## 21. Spurt var hvaðan þátttakandi kemur


- 61.4% er af höfuðborgarsvæðinu
- 9.6% eru frá Norðurlandi
- 7.7% eru erlendis frá



- Höfuðborgarsvæðinu / Capital area
- Suðurlandi / South Iceland
- Suðurnesjum
- Austurlandi / East Iceland
- Norðurlandi / North Iceland
- Vesturlandi / West Iceland
- Vestfjörðum / West fjords
- Erlendis frá / Abroad
- Vil ekki svara / Don't want to answer

## 22. Spurt var um kyn þátttakanda

- 65.9% eru konur
- 33% eru karlar
- 0.7% eru kynsegin




- Karl / Male
- Konu / Female
- Kynsegin / Non-binary
- Vil ekki svara / I don't want to answer

## III. Sérstaklega spurt um hlutastörf

### 1. Spurt var hver hlutastarfastaða ætti best við um þátttakanda

- 46.6% sögðust vera í hlutastarfi og haldið óbreyttu starfshlutfalli
- 34.5% sögðust hafa verið í hlutastarfi en þeim sagt upp eða starfshlutfall lækkað í 0% vegna COVID-19
- 18.9% sögðust vera í hlutastarfi en hafa lækkaði í starfshlutfalli




- Ég er í hlutastarfi og hef haldið óbreyttu starfshlutfalli / I work part time and have kept the same job percentage
- Ég var í hlutastarfi en mér hefur verið sagt upp eða starfshlutfall lækkað í 0% vegna COVID-19 / I worked part time but I have been laid off or my job percentage dropped to 0% due to COVID-19
- Ég er í hlutastarfi en hef lækkað í starfshlutfalli / I work part-time, but my job percentage has been lowered

### 2. Spurt var um fjárhagsstöðu þátttakanda

- 53% sögðust ekki komast af fjárhagslega án hlutastarfsins

- 35.7% sögðust komast af fjárhagslega án hlutastarfsins en að það væri flókið
- 11.3% sögðust komast auðveldlega af fjárhagslega á hlutastarfsins
  - 88.7% komast því ekki af fjárhagslega án hlutastarfs eða myndu eiga erfitt með það



- Ég kemst ekki af fjárhagslega án hlutastarfsins / I can't make ends meet financially without my part-time job
- Ég kemst af fjárhagslega án hlutastarfsins en það er flókið fyrir mig / I can manage financially without my part-time job, but it's complicated for me
- Ég kemst auðveldlega af fjárhagslega án hlutastarfsins / I can easily manage financially without my part-time job

### III. Samanburður á fyrri könnun Stúdentaráðs frá 6. apríl

#### Atvinnuleysi

Úr könnun SHÍ frá 6. apríl var atvinnuleysi stúdenta í **40%**. Þá voru 36.5% þeirra komnir með fullt starf og 9.5% með hlutastarf. Í þessari könnun eru **38.9%** stúdenta ekki komnir með sumarstarf en eru í atvinnuleit. Þá eru 37.3% komnir með fullt starf og 14.9% með hlutastarf.

Af þessum tölum má draga þá ályktun að staða stúdenta á atvinnumarkaðinum hefur batnað í þeim skilningi að fleiri stúdentar eru komnir með vinnu en í apríl. Hins vegar sjáum við enn stórt hlutfall atvinnulausra sem styður við atvinnuleysisbótakröfu SHÍ.

#### Breytingar á sumarstarfi vegna COVID-19

Í fyrri könnun SHÍ höfðu **19%** stúdenta misst það starf sem þau höfðu þegar fengið. Starfshlutfallið minnkaði hjá 8% og 1% lækkaði í launum. Þá var 12.5% stúdenta sem sögðust gera ráð fyrir breytingum þó þær hefðu ekki þegar átt sér stað. Þetta gera **21,5%** stúdenta. Í þessari könnun hafa **19.8%** stúdenta misst það sumarstarf sem þau voru þegar komin með og 20.8% stúdenta hafa ekki fengið sumarstarf á neinum tímapunkti. Þá hafa **15.2%** fundið fyrir lækkuðu starfshlutfalli, lækkað í launum eða gera ráð fyrir því

Við sjáum lítinn mun á þeim sem hafa misst starf sem þeir höfðu þegar fengið og færri sem hafa lækkað í starfshlutfalli eða launum. Af tölunum má samt sem áður segja að 40.6% stúdenta hafa ekki fengið sumarstarf eða misst það starf sem þau voru búin að fá.

#### Fjárhagsáhyggjur



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Í fyrri könnun SHÍ höfðu 53% stúdenta miklar og mjög miklar áhyggjur af fjárhagi sínum. Í þessari könnun hafa 52.7% miklar og mjög miklar fjárhagsáhyggjur. Þetta er nær sama talan sem merkir að áhyggjur stúdenta eru viðvarandi.

Stúdentar áttu sem sagt að meta upplifun sína á skalanum 0-10 og er skalinn skiptur svona: 0-1: Mjög litlar áhyggjur, 2-4: Litlar áhyggjur, 5: Nokkrar áhyggjur, 6-8: Miklar áhyggjur, 9-10: Mjög miklar áhyggjur.

### Útgjöld

Í fyrri könnun SHÍ voru 17.9% stúdenta sem sáu ekki fram á að geta mætt útgjöldum sínum í sumar og 26.8% sögðust eiga erfitt með það. Í þessari könnun eru 19.2% sem segjast ekki sjá fram á það og 35.4% sem segjast munu eiga erfitt með það.

Fjárhagsáhyggjur stúdenta eru meiri núna af þessum tölum að dæma. Í fyrri könnuninni er um að ræða 44.7% stúdenta en í þessari sýna niðurstöðurnar 54.6% stúdenta. Það eru fleiri sem munu eiga erfitt með að sjá fyrir sér í sumar.

### Húsnæði

Í fyrri könnun SHÍ voru 3% stúdenta sem óttuðust að missa húsnæði sitt og 15.1% sem óttuðust það að einhverju leyti. Þá voru 61.1% sem óttuðust það ekki. Í þessari könnun eru 4% stúdenta sem óttast að missa húsnæði sitt og 13.9% sem óttast það að einhverju leyti. Þá eru 59% sem óttast slíkt ekki. Það munar 0.2% á þessum tölum og því má draga þá ályktun að óttinn um að missa húsnæði er enn viðvarandi meðal stúdenta.

- 38.9% of students say they don't have a summer job but are looking for one. These results are in line with the results from the survey in April, when 40% of students were at unemployment over the summer.
- 70.5% of students had a summer job at this time last year. Thus, more than half of those who were employed last year are currently unemployed.
- When asked if their job opportunities had changed due to COVID-19, 20.8% of students say that they have not had a job at any point in time and 19.8% say that they lost their job. These two groups make up 40.6% of students who have not had a job or have lost it.
- The registration fee is encumbering to 45.6% of students.
- When asked about their mental health, 46.9% of students rated it at 5 or lower on a scale of 1-10.
- 84.2% of students support the unemployment benefit claim over the summer period.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

- 54.9% of students say they will have a hard time covering their expenses this summer.
- When asked about financial concerns, 52.7% rated their concerns from 6 and higher on a scale of 0-10.
- 65.5% of students work while studying and 88.7% are not able to cover their expenses without their part-time job or would at least have a hard time doing so.

### **Unemployment**

The survey from April showed the rate for unemployment for students at 40%. At that time 35.5% had full time jobs and 9.5% had part time jobs. In this survey 38.9% are unemployed, 37.3% have already a full time job and 14.9% have a part time job.

From these numbers we can conclude that the conditions on the job market has improved in the sense that more students are now working that in April. However, we still see a large percentage of unemployment, which further supports the Students Council's the unemployment benefit claim.

### **Financial concerns**

In the previous survey, 53% of students were very concerned about their financial status. In this survey, 52.7% are very concerned about their financial status. These numbers are very similar, which means that students' concerns remain at a high level.

### **Expenses**

In the previous survey, 17.9% did not expect to be able to meet their expenses this summer and 26.8% said they would find it difficult. In this survey 19.2% say they will not be able to cover their expenses and 35.4% say that they would find it difficult.

Because of these numbers we can conclude that student financial concerns are even more. In the previous survey, the total is 44.7% but in this one the total is 54.6%. More students are in a difficult spot now than in April which is of great concern.

From these numbers, we can conclude that the situation and the conditions students find themselves in are still very much of concern. Even though more students are working right now than in April we still see a large percentage of unemployment, which further supports the Students Council's unemployment benefits claim.